

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 26. september 2024 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

1. Keppnistímabilið 2024

Ekki hefur heyrst annað en keppnishald sumarsins hafi gengið sæmilega, alltént hafa engin erindi borist til ráðsins til umsagnar eða úrlausnar.

Þó er vert að geta þess að 1. keppni Íslandsmótsins var aflýst vegna eldgoss, en ekki frestað eins og mögulegt og e.t.v. eðlilegast hefði verið. Þá mun einhver misbrestur hafa verið á notkun öryggisbúnaðar og einn ökumaður þurfti að leita á sjúkrahús eftir veltu á Sauðárkróki en meiðslin voru ekki teljandi.

Til að kalla eftir hugmyndum um það sem e.t.v. mætti betur fara í reglum og keppnishaldi var ákveðið að boða til fundar mánudaginn 7. október n.k. kl. 19.30 í salarkynnum ÍSÍ. Keppnisráðið mun síðan vinna úr þeim hugmyndum sem fram koma.

2. Reglubreytingar

Gott væri að setja skýrt inn í keppnisgreinareglurnar hvernig fara meg/eigi með mál þar sem ökutæki/áhöfn verður fyrir töfum á sérleið vegna aðstæðna eða hegðunar annars ökutækis/áhafnar, en grein 3.6.7 í núgildandi reglum er helst til ónákvæm.

Einnig er vert að skoða hvort setja eigi í reglur ákvæði um refsingar vegna hraðaksturs ökutækja á ferjuleiðum.

Ákveðið að taka málin til umræðu á fyrrnefndum fundi.

3. Akstursíþróttafólk ársins – tilnefningar

Keppnisráðið þarf að tilnefna konu og karl til kjörsins um Akstursíþróttafólk ársins, eða ákveða formlega að gera það ekki.

Ákveðið að kalla eftir tilnefningum í hópnum Rallyiðkendur á Facebook en ráðið muni síðan ákveða endanlega hverja það tilnefnir á næsta fundi sínum.

4. Skýrsla keppnisráðsins

Verður samin í framhaldi af næsta fundi ráðsins.

5. Tímatökubúnaður

TMP hefur unnið nokkuð í að koma þessu máli áfram. Ákveðið að hann muni gera drög að samningi milli keppnishaldara og framleiðanda búnaðarins sem taki á virkni, fjármögnun og rekstri búnaðarins. Stefnt er á að slík drög verði tilbúin fyrir formannafund í nóvember og í tengslum við hann verði málinu þokað áfram.

6. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir

Fundi slitið kl. 20.50

Næsti fundur ráðsins miðvikudaginn 9. október kl. 19.30 á Zoom